

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Frístundamiðstöðin Tjörnin

Starfsáætlun 2018-2019



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið





Starfsáætlun Tjarnarinnar 2018-2019
Frístundamiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða
Ábyrgðarmaður: Guðrún Kaldal, framkvæmdarstjóri

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Framtíðarsýn, hlutverk og gildi.....	5
Umbótaþættir og áhersluatriði	6
Helstu verkefni á árinu	6
Yfirlit yfir starfsstaði Tjarnarinnar.....	8
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um síðasta starfsár.....	9
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar og umbótaáætlun.....	10
Innra mat	10
Ytra mat	10
Stefnuþættir, markmið og leiðir 2018-2019.....	12
Stefnukort frístundahluta SFS 2018.....	13
Myndræn starfsáætlun Tjarnarinnar	14
Markmið og leiðir	15
Jafnréttisáætlun Tjarnarinnar	22
<i>Framkvæmdaáætlun 2018-2019</i>	22
LAUNAJAFNRÉTTI.....	22
AUGLÝSINGAR, RÁÐNINGAR OG ENDURMENNTUN	22
JAFNVÆGI MILLI VINNU OG EINKALÍFS	23
EINELTI OG KYNFERÐISLEG ÁREITNI	23
ÞJÓNUSTUHLUTVERK	24

Inngangur

Starfsáætlanir frístundamiðstöðvanna 2018-2019 eru unnar út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar og stefnu um frístundajónustu í Reykjavík til 2025. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum varðandi starfið, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglunga í hverfinu.

Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2018 og gildir til 31. ágúst 2019 og hægt er að nálgast hana á heimasíðu Tjornarinnar www.tjornin.is.

Frístundamiðstöð þjónustar íbúa í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Tjörninn tók til starfa 1. ágúst 2016 eftir sameiningu Frostaskjól og Kamps og hefur því sitt þriðja starfsár haustið 2018.

Frístundamiðstöðin heyrir undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og rekur félagsmiðstöðvar og frístundaheimili í borgarhlutanum og eina sértæka félagsmiðstöð sem þjónustar börn með fötlun, búsett vestan Elliðaána sem sækja almenna grunnskóla.

Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2018 og gildir til 31. ágúst 2019.

Framtíðarsýn, hlutverk og gildi

Framtíðarsýn

„Látum draumana rætast“

Á hverjum degi upplifi öll börn og unglingar ævintýri og komi heim úr skóla- og frístundstarfi ánægð, hugsandi, forvitin, full ástríðu og vilja til að afla sér þekkingar og hafa áhrif. Þannig stuðli skóla- og frístundastarf Reykjavíkurborgar að því að börn og unglingar verði leiðtogar í eigin lífi og fær um að láta drauma sína rætast.

Hlutverk

Að koma til móts við þarfir ólíkra einstaklinga, stuðla að alhliða þroska þeirra og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi sem tekur örur breytingum.

Að sjá um rekstur frístundamiðstöðvarinnar, frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum í takt við lög, reglur og stefnur sem um starfið gilda.

Ný menntastefna verður innleidd á árinu en henni er ætlað að endurspegla grunngildi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess með það að markmiði að búa það undir að lifa ábyrgu lífi í fjálsu samfélagi, í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar.

Tjörninn setur sér markmið um að vera framsækið afl í frístundamálum.

Frístundamiðstöðvar leggja áherslu á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglunga á átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.

Gildi

Fjölbreytileiki..... með opnum hug opnast dyr!
Umhyggja.....okkur er ekki sama!
Framsækni.....gott getur alltaf orðið betra!

Starfsárið 2018-2019 verður áfram unnið með gildin og þau innleidd. Hver og einn starfsstaður vinnur áfram með þau gildi sem unnin er í samráði við börn og unglinga.

Umbótapættir og áhersluatriði

Megináherslur
menntastefnu:

- ✓ **Félagsfærni**
- ✓ **Sjálfsþekking**
- ✓ **Læsi**
- ✓ **Sköpun**
- ✓ **Heilbrigði**

Megináherslur
frístundastefnu:

- ✓ **Fjölbreytt og skemmtilegt**
- ✓ **Virk þátttaka**
- ✓ **Jöfnuður**
- ✓ **Forvarnir og lýðheilsa**
- ✓ **Fagmennska**

Megináherslur starfsskrár
frístundamiðstöðva:

- ✓ **Sjálfmynd**
- ✓ **Umhyggja**
- ✓ **Félagsfærni**
- ✓ **Virkni og þátttaka**

Íbúafjöldi í hverfinu var **35.568** skv. Þjóðskrá í ágúst 2018. Níu grunnskólar eru í hverfinu og barnafjöldi í 1.- 10. bekk er **3.886**.

Stjórnendateymi er skipað Guðrínu Kaldal, framkvæmdastjóra, Héðni Sveinbjörnssyni, fjármálastjóra, Steinunni Gretarsdóttur, deildarstjóra barnastarfs og Þorsteini V. Einarssyni deildarstjóra unglingastarfs. Andrea Marel er starfandi deildarstjóri unglingastarf frá ágúst – febrúar í fjarveru Þorsteins. Heildarfjöldi starfsmanna er um 180 í 80 stöðugildum.

Frístundaheimili Tjarnarinnar eru Undraland, Skýjaborgir, Selið, Frostheimar, Halastjarnan, Draumaland og Eldflaugin.

Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar eru Frosti, 100og1, 105, Gleðibankinn, Hofið sem er sértæk félagsmiðstöð fyrir börn með fötlun og Hinsegin félagsmiðstöð S78 og Tjarnarinnar.

Starfsáætlunarvinna hefst í janúar og er hún unnin eftir víðtækt samráð við þjónustuþega og starfsmenn. Einnig er stuðst við viðhorfskannanir sem lagðar hafa verið fyrir þjónustuþega og starfsmenn og ýmis konar skýrslur sem unnar eru um starfið.

Starfsstaðir frístundamiðstöðvarinnar gera sínar aðgerðaráætlanir út frá þessari starfsáætlun og er hægt að finna þær á heimasíðum starfsstaðanna. Aðgerðaráætlun hvernar starfseiningar er sett upp í svipuðu formi og skóladagatal til að foreldrar og forráðamenn geti fylgst með dagskránni hverju sinni.

Helstu verkefni á árinu

Starfseiningar Tjarnarinnar í Vesturbæ munu innleiða **Réttindaskóla UNICEF** í samstarfi við grunnskólana. Réttindaskólinn er vinnulíkan fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda. Skólar og frístundamiðstöðvar sem að vinna eftir líkaninu leggja sáttmálann til grundvallar í starfi sínu, skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum. Áhersla er lögð á að skapa umhverfi sem byggist á þátttöku, jafnrétti og virðingu. Markmið Réttindaskólans er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem að hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútíma samfélagi. Líkanið er í þeim anda sem Tjörnir hefur unnið með mannréttinda- og lýðræðisstarf í

frístundaheimilum síðustu ár. Frístundaheimili Tjarnarinnar hlutu einmitt hvatningaverðlaun Mannréttindaráðs Reykjavíkur fyrir Réttindagöngu barna og starf í þágu mannréttinda fyrir árið 2016. Það er því markmið okkar að vinna áfram þannig á öllum frístundaheimilunum og félagsmiðstöðvunum þrátt fyrir að Réttindaskóli UNICEF sé eingöngu í Vesturbæ þetta árið.

Í félagsmiðstöðvunum verður áfram áhersla á **sértækt hópastarf** og **aukinn stuðning**. Við samþykkt nýrrar frístundastefnu kom inn aukið fjármagn til félagsmiðstöðva til að sinna þeim sem þurfa aukinn félagslegan stuðning. Unnið er eftir verklagi SFS sem kallast „Vinsamlegt samfélag“. Einnig er unnið með vináttufærni í samstarfi við Vöndu Sigurgeirsdóttur en það er aðferðarfræði sem Vanda hefur þróað til að draga úr líkum á að einelti eigi sér stað.

Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða er að festa sig í sessi sem stórt ungmennaráð og unnið verður markvisst að því að forma betur verklag og vinnuaðferðir ráðsins sem leitt er af starfsmönnum Tjarnarinnar. Fulltrúar úr ungmennaráðinu eru svo hluti af Reykjavíkurráði ungmenna.


Framkvæmdastjóri Tjarnarinnar skrifaði undir samstarfsyfirlýsingu um **heilsueflandi hverfi** vorið 2018 fyrir hönd frístundamiðstöðvarinnar. Þar með hefur frístundamiðstöðin og hennar starfsstaðir skuldbundið sig í að bjóða upp á heilsueflandi frístundastarf og leggja sitt af mörkum í að heilsuefla nærsamfélagið í samstarfi við aðrar stofnanir og félagasamtök í hverfinu. Áherslupættir samstarfsins eru næring, hreyfing, líðan og lífsstíl.

Aukin áhersla á **foreldrasamstarf** verður áfram einn af stóru áherslupáttunum í starfinu. Að ná enn frekar til forelda barna og unglinga í starfinu. Unnið verður eftir nýjum gátlistum um foreldrasamstarf og áhersla verður á að kynna starfið vel og hafa upplýsingar aðgengilegar á vef. Foreldrakaffi, foreldrakynningar og foreldraviðtöl verða hluti af starfinu.

Ný **persónuverndarlög** verða innleidd á árinu og verður það áskorun fyrir starfsseminum að aðlagast sig að nýjum og ströngum lögum varðandi persónuvernd.

Markmið um **framsækna mannauðstjórnun** birtast í starfsáætluninni með megináherslu á að bæta starfsumhverfi starfsmanna.

Yfirlit yfir starfsstaði Tjarnarinnar



Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um síðasta starfsár

Sameining frístundamiðstöðva

Starfsárið 2017-2018 var annað ár Tjarnarinnar sameinaðra frístundamiðstöðva Frostaskjóls og Kamps.

Vel tókst til að búa til sterka liðsheild starfsmanna og festa Tjörnina í sessi sem faglega og framsækna frístundamiðstöð.

Tjörnin hlaut á árinu margsvíslegar viðurkenningar fyrir starf sitt og þjónustukannanir komu vel út.

Ánægðir starfsmenn

Starfsárið einkenndist af því að festa í sessi breytingar tengdar sameiningunni og nýjar venjur starfsmanna. Við breytingarnar sköpuðust mörg sóknarfæri sem unnið var með og starfsmenn lögðust á eitt við að láta hlutina ganga vel upp með jákvæðni og krafti.

Tjörnin leggur mikla áherslu á að kanna líðan starfsmanna og viðhorf til starfsumhverfisins og eru niðurstöðurnar nýttar til umbóta.

Tjörnin fékk einnig þá viðurkenningu að verða „Fyrirmyndarstofnun 2018“ í könnun sem Starfsmannafélag Reykjavíkur leggur fyrir ár hvert.

Mikil þátttaka og ánægja með starfið

Starfsárið var viðburðarríkt en undirmönnun einkenndi þó árið. Illa gekk að manna fjölmenna árganga í frístundaheimilum og má það helst rekja til uppsveiflu á vinnumarkaði. Launaumhverfi starfsmanna í frístundaheimilum er ekki lengur samkeppnishæft og starfsmenn stoppa stutt hjá okkur þar sem álagið og ábyrgðin er mikil á vettvangi.

Starfið í borgarhlutanum einkennist af mikilli þátttöku bæði í vetrar- og sumarstarfi og því miður ekki alltaf hægt að þjónusta alla sem óska eftir þjónustu.

Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar eru vel sóttar og 52% mæta vikulega eða oftar í sína félagsmiðstöð ef tekið er meðaltal mætinga í borgarhlutanum úr könnuninni „*Ungt fólk*“.

Frístundaheimili Tjarnarinnar eru einnig vel sótt en um 86% barna í 1.- 4. bekk eru skráð í frístundaheimili. Viðhorfskönnun foreldra á starfi frístundaheimila var lögð fyrir á vorönn 2017 og í heildina litið eru 92% foreldra ánægðir með starfið.

Framsækið fagstarf

Starfsmenn Tjarnarinnar hafa sýnt mikinn metnað og fengið marga styrki fyrir fjölbreytt og framsækin þróunarverkefni sem voru í gangi á árinu. Starfseiningar Tjarnarinnar hlutu fjölmargar þróunarstyrki á árinu til þess að innleiða framsækin verkefni á komandi starfsári.

Tjörnin hlaut hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs fyrir tvö verkefni vorið 2018.

Annars vegar hlaut **Hinsegin félagsmiðstöð S78 og Tjarnarinnar** viðurkenningu fyrir sitt góða starf. Félagsmiðstöðin er samstarfsverkefni Samtakanna 78 og Tjarnarinnar og er fyrir unga einstaklinga sem hafa áhuga á hinsegin málefnum eru í hinsegin þælingum eða vilja vera stuðningur eða hvatning fyrir ungmenni sem tengja við hinsegin málefni.

Hins vegar hlaut verkefnið **Amicos non Ficta** í félagsmiðstöðinni Frosta viðurkenningu, en um er að ræða mikilvægt verkefni sem varð til sem svar við umræðu í samfélaginu um karlmennskuhugmyndir og samskipti kynjanna. Verkefnið var lokaverkefni Þórðar Jörundssonar í Listaháskóla Íslands.

Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar og umbótaáætlun

Innra mat

Allir starfsstaðir Tjarninnar vinna innra mat. Innra mat Tjarnarinnar er m.a. fólgið í því að leggja viðhorfskannanir fyrir foreldra, starfsmenn og unglinga. Viðhorf er kannað varðandi ýmsa þætti eins og til dæmis fræðslutilboð, þjónustutilboð og fleira.

Haft er samráð í gegnum barnaráðsfundi, unglingafundi, ungmennaráðsfundi og hugmyndakassi er á stöðunum. Niðurstöður hugmynda og kannanna eru notaðar við vinnu aðgerðaráætlana og til umbóta.

Forstöðumenn nota gátlista frá viðmiðum og vísbendingum sviðsins við mat á gæðum frístundastarfsins til sjálfsmats sinnar starfseiningar. Þegar sú niðurstaða liggur fyrir er unnin umbótaáætlun varðandi þá þætti sem bæta þarf. Gátlistar varðandi heilsuefningu og gátlistar um góða næringu eru hafðir til hliðsjónar. Margs konar verkferlar og gátlistar eru til varðandi starfið sem kynntir eru og innleiddir.

Starfsstaðir skila ársskýrslum þar sem starfið er metið út frá bæði innri og ytri þáttum og umbótaáætlun unnin.

Starfsstaðir klára aðgerðaráætlun að vori fyrir komandi starfsár og birta á heimasíðum 1. september.

Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar leggja reglulega netkannanir fyrir foreldra barna og unglinga og 5. – 10. bekk þar sem spurt er um viðhorf þeirra til félagsmiðstöðvanna.

Helstu niðurstöður vor 2018:

89% foreldra eru ánægðir með starfssemi félagsmiðstöðvanna
86% foreldra eru ánægðir með starfsfólk félagsmiðstöðvanna
94% foreldra eru ánægðir með upplýsingagjöf félagsmiðstöðvanna
89% unglinga eru mjög ánægðir eða ánægðir með starfsmenn félagsmiðstöðva
85% unglinga eru mjög ánægðir eða ánægðir með félagsmiðstöðina sína
37% unglinga segjast myndu mæta oftár í félagsmiðstöðina ef það væri ekki svona mikið að gera hjá þeim
42% unglinga segjast mæta í félagsmiðstöðina í hverri viku
20% unglinga segjast mæta alltaf eða nánast alltaf í félagsmiðstöðina
73% unglinga vilja fá upplýsingar um dagskrá félagsmiðstöðvarinnar í gegnum snapchat, 55% í gegnum Instagram og 50% vilja sjá auglýsingar á veggjum skólans
Flestir foreldrar kjósa að fá upplýsingar sendar á netfang og svo á facebook síður

Ytra mat

Frístundaheimilið Draumaland og félagsmiðstöðin 100og1 fóru í ytra mat í nóvember 2017 á sama tíma og Austurbæjarskóli en þar eru þessar starfsstöðvar. Frístundaheimilið Frostheimar fóru í ytra mat á vorönn 2017 og niðurstöður þess mats voru kynntar á sama tíma.

Það er skóla- og frístundasvið sem sér um að vinna ytra mat.

Allar þessar einingar komu sérlega vel út, með nánast allt á grænu sem þýðir að verklag sé til fyrirmyndar. Unnar voru umbótaáætlanir fyrir staðina og þær kynntar opinberlega.

Starfsmannakannanir

Viðhorfskannanir á starfsumhverfi starfsmanna voru tvær á vorönn 2018. Reykjavíkurborg lagði fyrir könnun í febrúar 2018 og einnig lagði Starfsmannafélag Reykjavíkur fyrir könnun í stærstu vinnustaðakönnun á Íslandi um Stofnun ársins 2018.

Báðar þessar kannanir komu mjög vel út, svörun var góð og starfsmenn eru ánægðir með sitt vinnuumhverfi. Þeir eru ánægðir með stjórnunarhætti og stjórnendur, upplifa góðan starfsanda, þykir ímynd Tjarnarinnar góð, upplifa jafnrétti á vinnustað og traust. Það sem bæta þarf eru vinnuaðstæður starfsmanna en þær eru því miður ekki góðar og hækka þarf laun. Það sem þarf að huga betur að er vinnuálag sem virðist vera of mikið og starfsmannaöryggi, en starfsmenn sjá fyrir sér að vinna í framtíðinni í frístundaheimili eða félagsmiðstöð.

Tjörnin hlaut viðurkenninguna „**Fyrirmyndarstofnun 2018**“ í könnun STRV og hækkaði sig í heildarfjölda stiga milli ára.

Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar		Viðhorfskönnun STRV	
Meðaltal allra starfsþátta	4,52	Stjórnun	4,58
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	4,28	Starfsandi	4,61
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	4,58	Launakjör	3,22
Starfsánægja	4,69	Vinnuskilyrði	3,92
Árangursríkir stjórnunarhættir	4,52	Sveigjanleiki	4,26
Ég ber traust til yfirmanns míns	4,70	Sjálfstæði í starfi	4,47
Samvinna er góð	4,71	Ímynd stofnunar	4,68
Ég þekki markmið og stefnu	4,67	Ánægja og stolt	4,66
Á heildina litið er ég ánægð í starfi	4,73	Jafnrétti	4,68

Ungt fólk 2018

Rannsókn og greining (R&G) leggur reglulega fyrir könnunina „**Ungt fólk**“. Könnunin er lögð fyrir unglinga í 8., 9. og 10. bekk á landinu öllu og eru niðurstöðurnar notaðar til umbóta í frístundastarfi. Stjórnendur félagsmiðstöðvanna rýna ítarlega skólaskýrslur sinna skóla frá R&G og eru helstu áhættuþættir metnir og ákveðið við hverju þurfi að sporna við út frá bestu þekkingu hverju sinni. Stjórnendur útbúa í kjölfarið aðgerðaráætlun og leita samráðs til viðeigandi aðila t.d. þjónustumiðstöðvar, skóla, unglinga og foreldra.

Þátttaka í starfi félagsmiðstöðvanna mælist mjög góð í borgarhlutanum. Heildarþátttaka unglinga sem mæta oftar en einu sinni í viku í félagsmiðstöðina sína er 52%. Í félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar er þátttaka unglinga frá 43% - 61% eftir hverfum. Unglingar í 8. bekk sækja mikið félagsmiðstöðvar og 65% þeirra mæta reglulega í félagsmiðstöðina sína.

Heilsueflandi hverfi

Tjörnin tekur þátt í hverfasamstarfi um heilsueflandi hverfi. Stofnanir og félög í hverfinu hafa skrifað undir samstarfssáttmála varðandi að vinna saman að því að efla heilsu íbúanna. Unnið er eftir gáttlistum SFS varðandi heilsueflandi frístundastarf og leiðbeiningum frá Landlækniseimbætti Íslands.

Viðhorfskönnun foreldra varðandi frístundaheimilin

Skrifstofa sviðsstjóra SFS leggur fyrir foreldra barna í frístundaheimilum viðhorfskönnun annað hvert ár. Könnunin var lögð fyrir í janúar 2017 og svarhlutfall í borgarhlutanum var 63%.

Markmið könnunarinnar er að skoða viðhorf foreldra til frístundaheimila, daglegra viðfangsefna, áherslna, skipulags og upplýsingaflæðis. Könnunin var send á netföng foreldra.

Helstu niðurstöður vor 2017:

Almenn ánægja með starfið í borgarhlutanum er 92% en almenn ánægja einstakra frístundaheimila Tjarnarinnar er frá 86%-100%.

94% telja að barninu líði vel í frístundastarfi

94% telja viðmót starfsmanna gott

61% telja að húsnaði sé gott (frá 42-92% eftir starfseiningum)

Þeir þættir sem þarf að laga snúa mest að ytri þáttum eins og húsnaðinu, gjaldskrá og hressingu.

Brýnt er að fá samþykktar reglur um frístundaheimili og skýra upp ýmsa þætti er snúa að

samnýtingu á húsnæði, verkferla á USK og verkferla innan SFS varðandi óskir um aukið húsnæði.

Stefnuþættir, markmið og leiðir 2018-2019

Starfsárið 2018-2019 er frábrugðið að því leiti að ný frístundastefna var samþykkt í nóvember 2017 og nú menntastefna mun líta dagsins ljós í desember 2018. Stuðst er við helstu stef úr báðum stefnum. Áhersluþættir frístundamiðstöðvar er snúa að lýðræði, lýðheilsu og foreldrasamstarfi falla vel að stefnunum.

Myndræn starfsáætlun Tjarnarinnar var gefin út í fyrsta skipti 2017 og unnið verður áfram með myndræna nálgun á starfsáætlun sem er sýnileg á öllum stöðum Tjarnarinnar. Unnið er með stefnumiðaða stjórnun út frá aðferðum Balanced Scorecard.

Stefnukort frístundahluta SFS 2018

Framsækið og leiðandi frístundastarf „Látum draumana rætast“					
Þjónusta Menntastefna	Félagsfærni Samfélagsleg ábyrgð og virkni	Sjálfsþing Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu	Læsi Skilningur á samfélagi og umhverfi	Sköpun Sköpun og frjó hugsun	Heilbrigði Heilbrigður lífsstíll og vellíðan
Þjónusta Frístundastefna	Virk þátttaka	Fjölbreytt og skemmtilegt	Jöfnuður	Fagmennska	Forvarnir og lýðheilsa
Verklag	Öryggisverkferlar	Matsferlar	Samstarf		
Mannauður	Fagleg forysta	Virk þátttaka	Hæfir starfsmenn	Hvetjandi starfsumhverfi	
Fjármál Umbætur	Hagkvæm nýting fjármagns	Góður aðbúnaður	Upplýsingartækni		

Myndræn starfsáætlun Tjarnarinnar

UMBÓTAPÆTTIR

- FJÖLMENNING
- LÝÐRÆÐI
- MANNRÉTTINDI
- VERK, TÆKNI OG LISTNÁM
- LÆSI OG MÁLÞROSKI
- LÝÐHEILSA
- FÖRELDRASAMSTARF



GILDI

- UMHYGGJA
- FRAMFÆRNI
- FJÖLBREYTNÍ



HLUTVERK

- FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ
- FRÍSTUNDAHEIMILI
- FÉLAGSMÍÐSTÖÐVAR



FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN TJÖRNIN

VERKLAG

- ÖRYGGISVERKFERLAR
- MATSFERLAR
- SAMSTARF



ÞJÓNUSTA

- SÓALFSEFLING
- FÉLAGSFÆRNI
- LÆSI
- LÝÐRÆÐI
- SKÖPUN
- HEILBRIGÐI
- SÓALFÆRNI



MANNNAUÐUR

- FÁGLEG FORYSTA
- HÆFIR STARFSMENN
- HVEÐANDI STARFSUMHVEÐI



LYKILFÆRNI

- SJÁLFSMYND
- UMHYGGJA
- FÉLAGSFÆRNI
- VIRKNI OG ÞÁTTTAKA



FJÁRMÁL & UMBÆTUR

- HAGKVÆM NÝTING FJÁRMAGNS
- GÓÐUR AÐBÚNAÐUR
- UPPLÝSINGATÆKNI



FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN TJÖRNIN • FRÓSTASKJÓL 2 • SÍMI 4115700 • SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ • REYKJAVÍKURBORG

Markmið og leiðir

ÞJÓNUSTA - BARNIÐ, UNGLINGURINN

Sameiginlegar leiðir

Barnastarf

Unglingastarf

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Sjálfsfelling
FélagsfærniSterk
sjálfsmynd
og félagsfærniSterk sjálfsmynd,
samskennd og
samskiptafærni.

- Börn og unglingar læra að vera í hóp og taka tillit til annarra og þannig er félagsfærni þjálfuð í gegnum starfið.
- Áhersla á kenna virðingu og hluttekningu.
- Starfsstaðir vinna eftir verklaginu Vináttufærni og hljóta þjálfun í aðferðarfræðinni
- Listaklúbbar þar sem framkoma er í lykilhlutverki. Tónlist, leiklist dans.
- Kenna börnum að koma tilfinningum í orð.
- Hópastarf þar sem stíga þarf inn og sporna gegn óæskilegum samskiptum.
- Aukinn félagslegur stuðningur inn í félagsmiðstöðvar.
- Aukið starf fyrir 10 – 12 ára börn.

Jöfn tækifæri þar
sem hugað er að
velferð allra.

- Samráð við aðra í borgarhlutanum sem skipuleggja frístundastarf til að auka samfellu.
- Móttökuáætlun SFS vegna barna og unglinga með íslensku sem annað tungumál.
- Einstaklingsáætlanir í frístundaheimilum og félagsmiðstöð fyrir börn sem þurfa aukinn stuðning.
- Valkerfi frístundaheimila.
- Börn sem eru nýflutt til landsins fá undanþágu á þátttökugjöldum í frístundaheimilum.
- Opin dagskrárgerð í félagsmiðstöðvum.
- Samstarf við samtökin 78 um rekstur Hinsegin félagsmiðstöðvar S78 og Tjarnarinnar.

Aukið sjálfstæði,
frumkvæði,
metnaður og
ábyrgð.

- Börn og unglingar fá hvatningu og stuðning við að framkvæma eigin hugmyndir með aðstoð frístundaráðgjafa.
- Efla sjálfstæði barna í 3. og 4. bekk og aðstoða þau í að bera ábyrgð á eigin lífi með því að kenna þeim á strætó, gera sér hressingu, muna eftir tómstundum og passa eigur sínar.
- Margs konar ráð, klúbbar og viðburðir sem unglingar koma á fót og taka ábyrgð á. Dæmi; Yungsluts, feministaklúbbar, umhverfisklúbbur ofl.
- Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.
- Umsjón nemendafélaga í samstarfi við skólana.

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Heilbrigði

Öryggi,
heilbrigði,
vellíðan
og gleðiHeilbrigður
lífsstíll.

- Í öllu starfi er lögð áhersla á að börn, unglingar og ungmenni temji sér heilbrigðan lífsstíl. Starfið er forvarnarstarf á viðtækan hátt.
- Hvetja börn og unglinga til að ganga eða hjóla.
- Gátlistar um hollustu og heilsuefningu til staðar.
- Fjölskyldudagskrá Tjarnarinnar í vetrarleyfi grunnskólanna í október og febrúar.
- Daglegur aðgangur að íþróttasal í frístundaheimilum.
- Dagleg útivera í frístundaheimilum.
- Draga úr framboði á óhollustu í starfi félagsmiðstöðva.
- Auka alla hreyfingu í félagsmiðstöðarstarfi.
- Aukin áhersla á fræðslu um andlega heilsu.

Öruggt umhverfi
þar sem unnið er
markvisst gegn

- Unnið eftir „*Vinsamlegu samfélagi*“ verklagi SFS. Verklagið „*Opinskátt gegn ofbeldi*“ þar sem opnað er fyrir umræðu um ofbeldi og aðgang að hjálp.
- Einstaklingsáætlanir kortleggja áhættuhegðun sem brugðist er við með

áhættuhegðun.	sértækum stuðning. - Fjölbreytt hjálpargögn nýtt til að aðlaga stuðning að börnunum. - Klúbbastarf gegn félagslegri einangrun. - Aukið sértækt hópastarf í 5.-10.bekk. - Fræðsla fyrir starfsmenn um hópastarf og innlög verkfæra. - Kortleggja hóp og virkja sérstaklega þá unglinga sem sýna áhættuhegðun til ábyrgðar í félagsmiðstöðinni í samstarfi við foreldra og skóla.
Komið er til móts við ólík áhugasvið.	- Fjölbreyttar birtingarmyndir barna- og unglingarmenningar sem sjá má í aðgerðaráætlunum staðanna sem unnar eru í samráði við börn og unglinga. Sveigjanleiki í starfi sem býður upp á að koma til móts við áhuga og ástandi sem upp kemur. - Fjölbreytt val og klúbbastarf. - Starfsmenn með ólíkan bakgrunn og áhugasvið í vinnu.

STEFNUÞÁTTUR

Læsi Sköpun Sjálfbærni

Víðtæk
þekking,
færni og
árangur

MARKMIÐ

LEIÐIR

Aukin gæði í öllu starfi í þeim tilgangi að efla þekkingu, færni og árangur.	- Unnið eftir gæðaviðmiðum frístundamiðstöðva, „Viðmið og vísbendingar“ og reglulegt innra mat. Unnið með þriggja anna skil á skýrslum. - Fræðsluáætlun Tjarnarinnar þar sem starfsmenn hljóta þjálfun.
Læsi í viðum skilningi, gagnrýnin hugsun og samræða.	- Samræður og gagnrýn hlustun eru rauður þráður í gegnum starfið. Í gegnum hópastarf er börnunum og unglingum kennt að hlusta og taka þátt í umræðum. - Tilfinningalæsiskenntla - börn og unglingar þekki eigin tilfinningar og geti sett sig í spor annarra og leyst ágreining farsællaga. - Fjölmíðlalæsisvika í öllum frístundaheimilum. - Aðgengi að bókum og staður þar sem börn geta notið lesturs. - Merkja alla hluti í frístundaheimilum. - Viðburðastjórnun, kenna framkvæmd og skipulag viðburða.
Færni í tölvu- og upplýsingatækni.	- Aukin notkun samskiptamiðla í öllu starfi. - Notkun á ipad og mentimeter.com í barnaráðum. - Mentimeter.com, kahoot og google-drive notað við dagskrárgerð í félagsmiðstöðvum. - Fræðsla um áhrif samskiptamiðla í félagsmiðstöðvum. - Stúdíaðgengi þar sem mikill lærdómur á sér stað.
Tækifæri til að vinna að nýsköpun.	Fjölmörg þróunarverkefni eru í gangi það sem unnið er framsækið að því að skapa ný tækifæri í starfi með börnum og unglingum.
Aukin þekking og færni í raunvísindum.	- Tilrauna- og vísindavikur í öllum frístundaheimilum, vetur og sumar. - Vísindasmiðjur fyrir 5.-7.bekk.
Aukin þekking á listum og menningu og færni til sköpunar.	- Framboð á fjölbreyttu lista- og menningarstarfi. - Heimsóknir á listviðburði. - Þáttaka í barnamenningarhátíð. - Fjölbreyttir klúbbar og viðburðir tengdir listum og sköpun. - Skrekkur, Stíll, Rímaflæði, Ljóðaslamm, Drullumall og fleiri menningarviðburðir skipulagðir af unglingum og fyrir unglinga.
Aukin umhverfisvitund og menntun til sjálfbærni.	- Markvisst unnið með að börn og unglingar læri að umgangast og virða náttúruna og umhverfið. - Allir starfsstaðir taka þátt í Grænum skrefum. - Flokka og nýta fjölbreytilegan efnivið í starfinu. - Félagsmiðstöðvarhópur í samstarfi við Vinnuskóla að sumri.

Lýðræði

Samfélagsleg
ábyrgð,
virkni
og víðsýni

**Aukin þekking á
grunnildum
samfélagsins og
mannréttindum.**

- Starfsstaðir fylgja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og 65.gr. stjórnarskrár lýðveldis Íslands.
- Réttindaskóli UNICEF innleiddur í Vesturbæ til að efla þekkingu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Barnasáttmála- og réttindagönguvika á öllum frístundaheimilum.
- Fjölmenningsarvika.
- Unnið með Kompasitó, kennslubók Evrópusambandsins.
- Póstkortaverkefni, þátttaka í alþjóðlegri mannréttindaviku.
- Unnið með Kompás, kennslubók Evrópusambandsins.

**Samfélagsleg
ábyrgð og
lýðræðisleg
þátttaka.**

- Starfið byggir á hugmyndafræði um barna- og unglingalýðræði og tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Barnaráð og hugmyndakassar.
- Barnafundir.
- Daglegt val um viðfangsefni.
- Jólamarkaður frístundaheimilanna.
- Samstarf við skóla um nemendaráð.
- Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.
- Ungmennahúsið.

VERKLAG

Sameiginlegar leiðir

Barnastarf

Unglingastarf

STEFNUÞÁTTUR**MARKMIÐ****LEIÐIR**
**Mannréttindi
Fjölbreytni
Fjölmennning**

Nám og
starf án
aðgreiningar,
við hæfi
hvers og eins

**Koma til móts við
ólíkar þarfir með
fjölbreyttum
aðferðum og
viðfangsefnum.**

- Samráð við þjónustugega við starfsáætlunarvinnu. Rýnt í kannanir og umbótaáætlun unnin til að bregðast við því sem betur má fara.
- Heimurinn er hér, verklag SFS varðandi móttöku barna með annað móðurmál en íslensku.
- Frítt í frístundaheimili í 3 mánuði fyrir börn sem eru nýttflutt til landsins.
- Hof, sértæk félagsmiðstöð fyrir börn á aldrinum 10-16 ára í fötlunarflokki 1-3.
- Hinsegin félagsmiðstöð S78 og Tjarnarinnar.

**Tryggja jafnræði
allra einstaklinga
til virkrar
þátttöku í daglegu
starfi.**

- Gott aðgengi fyrir alla að starfsstöðum Tjarnarinnar.
- Aukið samstarf við grunnskóla og þjónustumiðstöð til að koma enn betur til móts við þá sem á þurfa að halda.
- Einstaklingsáætlanir frístundaheimila og félagsmiðstöðva fyrir börn sem þurfa aukinn stuðning.
- Lýðræðisleg dagskrárgerð.

**Stuðningur og
ráðgjöf tryggi
góðar aðstæður til
náms og leiks og
bestan mögulegan
árangur og líðan.**

- Veita túlkajónustu þegar þörf er á í starfinu.
- Kortleggja leiðir sem miða að því að auka upplýsingarflæði til foreldra um líðan barna og unglinga í starfinu.
- Einstaklingsáætlanir fyrir stuðningsbörn unnin í samstarfi við foreldra.
- Döff starfsmenn í Eldflauginni.
- Ráða starfsmenn sem tala móðurmál barna sé því við komið.
- Foreldraviðtöl í félagsmiðstöðvum og mikið samstarf við foreldra og námsráðgjafa skólanna.

**Lýðræði
Fjölbreytni**
**Öll börn,
nemendur og
ungmennir séu
virkir**

- Á öllum starfsstöðum eru starfandi barna- og unglingaráð.
- Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.
- Áhersla á hópastarf, að læra að tilheyrja hóp og sýna samkennd.
- Fá fund barnaráðs Frostheima með hverfisráðum.
- Styrkja tengsl ungmenningaráðs og unglingaráða við hverfaráð og kjörna

Samstarf

Samstarf
byggt á
lýðræði og
fjölbreytni

**Þátttakendur í
lýðræðislegu
samstarfi.**

- fulltrúa.
- Opnir fundir unglunga um málefni líðandi stundar með hagsmunadílum.

**Foreldrar séu
virkir
þátttakendur,
ábyrgir og
upplýstir
samstarfsaðilar.**

- Öflugar heimasíður og samskiptamiðlar þar sem upplýsingar um starfið koma skýrt fram.
- Samstarfsverkefnið „Fróðir foreldrar“. Fræðslufyrirlestraröð í samstarfi við þjónustumiðstöð, foreldrafélög og íþróttafélög í borgarhlutanum.
- Forstöðumenn verði í auknu samstarfi við foreldrafélög í borgarhlutanum.
- Aukin rafræn samskipti við foreldra.
- Foreldraviðtöl í boði í öllum frístundaheimilum.
- Foreldraviðburðir þar sem foreldrum er boðin þátttaka í starfinu.
- Vinna gátlista varðandi foreldrasamstarf.
- Foreldraráð félagsmiðstöðva Tjarnarinnar.
- Foreldraviðtöl í boði í félagsmiðstöðvum á foreldraviðtalsdögum.
- Gátlistar um foreldrasamstarf.

**Markviss,
samræmd
upplýsingamiðlun
og fræðsla til
foreldra og barna
og
ungmenna.**

- Hafa heimasíður og facebooksíður vel uppfærðar.
- Vel kynntar reglur um notkun samfélagsmiðla.
- Frístundagátt, Mentoraðgangur fyrir frístundamiðstöðina og aðila að frístundakortinu eykur upplýsingarflæði til foreldra.
- Senda reglulega fréttabréf á foreldra.
- Skrifstofustjóri ber ábyrgð á að koma upplýsingum á aðalsíður frístundamiðstöðvarinnar og Reykjavíkurborgar.
- Forstöðumenn skili inn upplýsingum um starfið á hverfablöðin.
- Bæklingurinn „Velkomin á frístundaheimili“ til allra barna í 1.bekk.
- Auglýsingar á veggjum fyrir viðburði.

**Öflugt samstarf
við nærsamfélagið
atvinnulífið og
háskóla-
samfélagið.**

- Aukin áhersla á samstarf við háskóla varðandi barnamenningarhátíð og þróunarverkefni.
- Koma á samstarfi barnaráða við hverfisráð.
- Formgera samstarf ungmennaráðs við hverfisráð.

Samstarf

Flæði
á milli
skólastiga
námsgreina
og skóla-
og frístunda-
starfs

**Starfsstaðir þrói
aðferðir til að
auka samstarf,
sveigjanleika,
flæði og samfellu í
skóla- og
frístundastarfi.**

- Formgera samráð við grunn- og leikskóla.
- Tjörnin tekur þátt í samráðsveitvangi VMH-fléttunnar í borgarhlutanum milli, leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar.
- Þátttaka í áfallateymi borgarhlutans.
- Unnið eftir forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.
- Deildarstjóri barnastarfs hvetur tómstundaðila til að hafa viðburði í samfellu við skóla- og frístundastarfið.
- Auka samráðningar starfsmanna í skólum og frístundaheimilum.
- Deildarstjór unglingastarfs situr í forvarnarteymi borgarhlutans.
- Deildarstjóri unglingastarfs situr í götustarfsteymi.
- Samstarfssamningur félagsmiðstöðva við skóla.

**Auka samstarf
leikskóla,
grunnskóla og
frístundastarfs
við lok
leikskólagöngu.**

- Skýrt verklag varðandi skilafundi milli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili sé til staðar og því fylgt.
- Heimsóknir leikskóla í frístundaheimili á vorönn.

**Öryggis-
verkferlar**

Handbækur og
þjálfun starfsmanna
sé skýr

**Öryggi barna og
unglinga sé í
fyrirrúmi í
starfinu.**

- Öryggisverkferlar starfsstaðanna vel kynntir starfsmönnum og ávallt aðgengilegir.
- Starfsmenn hljóta þjálfun í skyndihjálpi.
- Reglur í frístundaheimilum séu skýrar og vel innleiddar.
- Reglur félagsmiðstöðvanna vel kynntar og unnar í samráði við unglunga.

Matsferlar

Umbætur,
mat og nýbreytni

Ytra mat fyrir starfsemi skóla- og frístundasviðs sem nýtt er til umbóta.

- Viðhorf foreldra, barna og unglinga til starfsins er kannað reglulega og niðurstöður notaðar við vinnslu aðgerðaráætla og umbóta.

Stöðugt sé fylgst með stefnum og straumum um uppeldis- mennta- og tómstundamál og áhersla lögð á þróun og nýbreytni.

- Allir starfsstaðir Tjamarinnar sækja um þróunarverkefni þar sem áhersla er lögð á nýbreytni.
- Öflug og virk fræðsluáætlun fyrir starfsmenn.
- Aukið samstarf við háskólasamfélagið.
- Frístundaskólinn, ný nálgun í jafningjafræðlu í frístundaheimilum.

Tilrauna-, þróunar- og umbótastarf byggi á rannsóknum og árangurinn metinn.

- Innibýgt mat þróunarverkefna.
- Innleiðing á sjálfsmati starfsmanna.

Traust og fjölbreytt mat á námsárangri, líðan og félagsfærni.

- Allar ytri mælingar sem gerðar eru á starfinu eru notaðar til umbóta.
- R&G rannsóknir.
- Viðhorfskannanir til starfsmanna frá Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

Ábyrg skjalastjórnun og stjórnýsla, virkt gæðakerfi og innra mat.

- Skrifstofustjóri yfirfari sameignir og búa til skýrt verklag varðandi vistun gagn.
- Vinna eftir nýju verklagi SFS varðandi skjalasvistun.
- Innra mat eftir viðmiðum og vísbendingum í janúar framkvæmt af forstöðumanni.
- Handbók um rekstur innleidd og kynnt.

Mannauður

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Fagleg forysta

Framsækin stjórnun þar sem stefna, hlutverk og markmið eru skýr.

- Stefna, hlutverk og markmið Tjamarinnar vel kynnt og aðgengileg, á heimasíðu, facebooksíðu og í gegnum frístundagátt Mentor.
- Myndrænt form á starfsáætlun í ramma á allar starfseiningar.
- Innleiða gildin fjölbreytileiki, framsækni og umhyggja í starfið.
- Aðgerðaráætlanir staðanna á heimasíður 1. september.

Stjórnendur og starfsmenn leitast stöðugt við að efla starf og bæta árangur.

- Nota kannanir til að efla og bæta árangur.
- Öflug fræðsluáætlun í takt við markmið starfsins
- Rými fyrir þróunarverkefni og nýsköpun.

Stjórnun einkennist af jákvæðu viðhorfi og virku upplýsingastreymi.

- Verklaginu „Vinsamlegt samfélag“ fylgt.
- Unnið eftir nýrri stefnu borgarinnar um einelti og ofbeldi.
- Skýr farvegur mála innan frístundamiðstöðvar.
- Velkomin til starfa fræðsla fyrir alla nýja starfsmenn.
- Fastir starfsmannafundir staðanna og frístundamiðstöðvarinnar.

Hvetjandi starfsumhverfi

Eftirsóknarvert,
vinsamlegt
og hvetjandi
starfsumhverfi

Samstarf á vinnustaðnum byggist á trausti, endurgjöf, virðingu og sveigjanleika.	- Markvisst efla traust á starfsstöðvum með góðum samráðsvettvangi. - Samstarfsfundir milli frístundaheimila og félagsmiðstöðva. - Mánaðarlegir stjórnendafundir. - Starfsmanna- og fræðslufundir starfsstaða 2x í mánuði. - Hittingur allra starfsmanna á hvorri önn þar sem starfsmenn hafa tækifæri til að ræða fagstarfið og miðla sín á milli. - Þátttaka í hverfasamstarfi. - Reglulegir starfsdagar. - Unnið eftir viðverustefnu Reykjavíkurborgar til að draga úr fjarvistum starfsmanna.
Allir starfsmenn fara í starfsþróunarsamtal og það markvisst nýtt.	- Starfsþróunarsamtöl fari fram á tímabilinu janúar- mars. - Allir starfsmenn óháð hlutfalli hafi kost á samtali. - Unnið með samantektir samtalanna til umbóta.
Jafnræðis er gætt í launum og kjörum starfsmanna í sambærilegum störfum.	- Allir starfsmenn frístundamiðstöðvarinnar eru í Starfsmannafélagi Reykjavíkur. Kjarasamningum og reglum fylgt. - Störf fara í gegnum starfsmat. - Yfirmenn óski eftir endurmati starfa breytist umfang og ábyrgð þeirra.
Ráðningaferli byggist á faglegum forsendum mannauðsstjórnunar.	- Störf Tjamarinnar eru auglýst á vef borgarinnar. - Ráðingarferli er gagnsætt. - Ráðið er í gegnum SAP mannauðskerfið. - Öllum umsóknum er svarað. - Ávallt skal leita umsagnar fyrir ráðningu starfsmanna og óska eftir ferilskrá - Allir starfsmenn þurfa að hafa hreint sakarvottorð í takt við 3.mgr.10.gr æskulýðslaga. nr.70/2007
Heilsuefandi og öruggt starfsumhverfi.	- Veitingar á fundum séu hollar. - Gott aðgengi að vatni á vinnustöðum. - Gátlistar varðandi heilsuefandi frístundastarf fylgt. - Starfsstaðir uppfylli vinnuverndarlög. - Fylgja öryggisáætlun Reykjavíkurborgar. - Hvetja starfsmenn til að ganga eða hjóla til og frá vinnu. - Samgöngusamningar. - Heilsuefing starfsmanna Tjamarinnar í formi útivistar og hreyfingar.

Hæfir starfsmenn

Hæft og
áhugasamt
starfsfólk með
metnað til
árangurs

Allir starfsmenn taki þátt í símenntun við hæfi.	- Að hausti verður móttaka fyrir alla nýja starfsmenn, þar eru helstu markmið með starfinu kynnt og starfsmenn setja sér markmið fyrir veturinn. - Starfsmenn eru hvattir til að sækja um styrki til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar til að sækja námskeið og þekkingu. - Reglulega yfir veturinn eru í boði námskeið og fræðsla sem nýtist starfsmönnum í starfi. - Fræðsluáætlun er unnin fyrir árið þar sem stuðst er við óskir og þarfir starfsmanna.
Starfsmenn geta beitt matsaðferðum og nýtt sér leiðir til umbóta.	- Starfsstaðir noti viðmið og vísbendingar frístundamiðstöðva við innra mat. - Starfsáætlun er reglulega metin og farið yfir sett markmið. Umbætur gerðar þar sem markmið ná ekki fram að ganga. - Innleiða sjálfsmat starfsmanna.
Störf innan skóla- og frístundasviðs eru vel kynnt fyrir fólki sem er að velja sér náms- og starfsvettvang.	- Frístundamiðstöðin tekur ár hvert á móti hópum nemenda frá Háskóla Íslands, Kvennaskólanum og Borgarholtsskóla. - Jákvæð ímynd á starfinu vekur áhuga nema að mennta sig.

Samstarf
Lærdóms-
samfélag
sem byggir á
þverfaglegu
samstarfi

**Markvisst samstarf
og virkt
þekkingarflæði er
innan og á milli
starfsstaða.**

- Frístundamiðstöðin tekur þátt í samráðsvettvangi í borgarhlutanum í formi fléttusamstarfs.
- Starfsmenn frístundamiðstöðvarinnar hittast reglulega til að skiptast á þekkingu og miðla reynslu sín á milli.
- Starfsmenn frístundamiðstöðvarinnar taka reglulega að sér að miðla þekkingu til annarra hverfa og á miðlægum fundum.

Fjármál og umbætur

Sameiginlegar leiðir
Barnastarf
Unglingastarf

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

**Hagkvæm
nýting
fjármagns**

**Útgjöld allra
stofnana séu
innan fjárheimilda
miðað við þá
þjónustu sem veita á.**

- Frístundamiðstöðin skili fjárhagsárinu innan fjárhagsheimilda.
- Fjármálastjóri upplýsi forstöðumenn og deildarstjóra mánaðarlega um stöðu kostnaðarstaða á föstum fundum.
- Sjá til þess að fjárhagsrammar séu gagnsærir og tilbúnir tímalega fyrir rekstrarárið.

**Stöðug rýning
tækifæra til
endurskipulagningar.**

- Stjórnendur fái reglulega fundi þar sem farið er yfir rekstrarstöðuna og tækifæri til endurskipulagningar skoðuð.

**Bæta fjárhagslegt
eftirlit og ráðgjöf.**

- Skýrt eftirlit með launalistum.
- Skýrt verklag varðandi rekstrarskjöl sem fjármálastjóri fer yfir.
- Finna nýja leið til að losna við lausafé í starfi félagsmiðstöðva.
- Kaupa posa til að nota í starfið.
- Skrá á viðburði í gegnum Völu frístund.

**Samræma
úthlutunarreglur.**

- Samræma úthlutunarreglur milli frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

**Virk stefna í
upplýsinga- og
samskiptatækni.**

- Allir starfsstaðir séu með heimasíður og facebooksíður þar sem upplýsingar um starfið eru aðgengilegar og uppfærðar að lágmarki 3x í viku.
- Allir starfsstaðir séu með góðan tölvubúnað og hafi aðgengi að snjallsíma.
- Office 365 skipulagskerfi innleitt.

**Skilvirk
upplýsinga-
tækni**

**Góður
aðbúnaður**

**Aðstaða, tækni og
búnaður sem hæfa
fjölbreyttu starfi.**

- Árleg úttekt á aðstöðu, tækni og búnaði til að bregðast við þar sem umbóta er þörf.
- Viðhaldsáætlanir unnar í samráði við fasteignastjóra.
- Leggja til breytingar á vinnslu rýmissamninga fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöðvar.
- Gott samstarf við opinbera eftirlitsaðila, brunaeftirlit, heilbrigðiseftirlit, vinnueftirlit o.fl.

**Aukin samnýting á
húsnæði og búnaði.**

- Allir starfsstaðir frístundamiðstöðvarinnar eru í húsnæði þar sem samnýting með öðrum á sér stað.
- Kortleggja aukna möguleika á samnýtingu húsnæðis og búnaðar.

Jafnréttisáætlun Tjarnarinnar

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur frístundamiðstöðin sig til að fara eftir **Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar**.

Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu frístundamiðstöðvarinnar.

Forstöðumenn á starfsstöðunum bera ábyrgð á að mannréttindastefnunni sé framfylgt.

Framkvæmdarstjóri ber aðalábyrgð ásamt deildarstjórum.

Að auki mun frístundamiðstöðin í samræmi við 22. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að börn og ungmenni verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í frístundastarfinu. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal barna eða ungmenna. Börnum og ungmennum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan frístundamiðstöðvarinnar komi slíkt upp.

Frístundamiðstöðin setur sér framkvæmdaáætlanir hvern vetur, þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Framkvæmdaáætlun 2018-2019

LAUNAJAFNRÉTTI

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf og laun karla og kvenna skulu ákveðin á sama hátt.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.	Stefnt skal að því að vera með jöfn kynjahlutföll í störfum frístundaleiðbeinenda með umsjón. Öllum starfsmönnum standi í boði að fá þá yfirvinnu sem í boði er.	Stjórnendur	Allt árið

AUGLÝSINGAR, RÁÐNINGAR OG ENDURMENNTUN

Laus störf skulu standa jafnt konum og körlum til boða og jöfn kynjahlutföll skulu höfð til hliðsjónar við ráðningar eftir því sem framast er unnt. Þess skal gætt að mismuna ekki á grundvelli kynferðis við úthlutun verkefna, við tilfærslu í starfi eða við önnur tækifæri sem bjóða upp á starfsþróun, óháð því hvort hún sé lárétt eða lóðrétt. Bæði kynin skulu hafa jafnt aðgengi að endurmenntun og starfsþjálfun.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf standi bæði konum og körlum til boða	Tryggja þarf við ráðningar að jöfn kynjahlutföll séu til hliðsjónar, sér í lagi er varðar 100% stöður	Stjórnendur	Allt árið
Konur og karlar sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun.	Bjóða öllum að fá sömu fræðslu. Passa að konum og körlum standi sömu tækifæri til boða á að sækja námskeið eða vera með innlegg á t.d. starfsdögum og ráðstefnum.	Allir stjórnendur	Allt árið

JAFNVÆGI MILLI VINNU OG EINKALÍFS

Tjörnin leggur leggur áherslu á það að starfsmönnum gangi vel að samræma vinnu og einkalíf eins vel og kostur er. Helgar- og yfirvinnu er stílt í hóf og starfsmönnum í fullu starfi veittur sveigjanleiki innan skynsamlegra marka til að sinna einka- og fjölskyldulífi sínu. Starfsmenn er hvattir til að nýta sér fæðingarorlof og foreldrum er gert kleift að sinna veikum börnum sínum á jafnréttisgrundvelli.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsfólki í fullu starfi býðst að vinna sveigjanlegan vinnutími í samráði við sinn næsta yfirmann. Starfsfólki í hlutastarfi er mætt eins vel og kostur er með breytingum á vöktum og beiðnum um launalaus leyfi	Sveigjanleiki á hverjum starfsstað með vinnutíma innan viss ramma.	Stjórnendur	Allt árið
Tryggja að jafnréttisáætlun Tjarninnar sé sýnileg og kynnt öllu starfsfólki	Jafnréttisáætlun sé á heimasíðu frístundamiðstöðvarinnar og framkvæmdaáætlun sé kynnt á starfsmannafundi að hausti.	Skrifstofustjóri og stjórnendur	Allt árið

EINELTI OG KYNFERÐISLEG ÁREITNI

Áreitni, eins og kynferðisleg áreitni eða einelti er ekki í Tjörninni. Tafarið skal gripið skal til viðeigandi aðgerða ef grunur um annað hvort kemur upp. Allt starfsfólk og þjónustubægar bera sameiginlega ábyrgð á því að hvers kyns áreitni eigi sér ekki stað.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að börn, unglingar og starfsfólk verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í starfi	Starfsfólk skal vera stöðugt vakandi fyrir kyndundinni og kynferðislegri áreitni í starfi og grípa strax inn í ef grunur leikur á um óásættanlega hegðun. Upplýsa skal um slík brot í starfi og upplýsingum komið til réttra aðila. Stjórnendur bregðast við í samræmi við lög og samþykkt verkferla.	Allir stjórnendur og starfsmenn	Allt árið

ÞJÓNUSTUHLUTVERK

Börn skulu eiga jafnan aðgang að frístundastarfi óháð kyni. Allt starfsfólk Tjarninnar ber sameiginlega ábyrgð á því að aðgengi allra að þjónustunni sé jafnt og að viðfangsefnin höfði til sem flestra.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Efla jafnréttisþekkingu starfsfólks	Fræðsla í jafnréttismálum. Áfram verði unnið með þetta í útfærslu á innra starfi og á starfsmannafundum.	Stjórnendur	Vor og haust
Börn og unglingar fái fræðslu um jafnfréttismál	Starfsmenn vekja upp umræðu hjá börnum og unglingum um jafnréttismál og eru vakandi fyrir neikvæðri orðræðu og staðalmyndum.	Forstöðumenn og starfsfólk staðanna	Allt árið
Dót og búnaður séu laus við staðalmyndir	Dót og búnaður sem notuð eru í starfi eru laus við staðalmyndir og stuðla að jafnrétti fólks. Ef dót eða búnaður ber með sér neikvæða ímynd skal vekja upp umræðu um það með börnum.	Forstöðumenn og starfsfólk staðanna.	Allt árið
Að búa börn og unglinga undir jafna þátttöku í samfélaginu	Starfsmenn gefa börnum og unglingum rými til þess að tala um það sem þau hafa áhyggjur af og áhuga á og veita þeim fræðslu og upplýsingar eftir því sem við á.	Forstöðumenn og starfsfólk staðanna	Allt árið
Að viðfangsefni höfði til allra.	Greiningar á klúbbastarfi, á innihaldi og markmiði klúbbanna með það fyrir augum að koma í veg fyrir að það halli á einhvern.	Forstöðumenn og starfsfólk staðanna.	Allt árið.
Að foreldrar taki jafnan þátt í starfinu. Starfsfólk útiloki ekki annað foreldri á grundvelli kyns	Foreldrum barna og unglinga í starfi er velkomið að taka þátt í starfi barna sinna, óháð kyni. Rafrænar upplýsingar eru sendar á báða foreldra.	Forstöðumenn	Allt árið.